



Bókun

Málnr.: **23-031-S-017**

Dags: **18. maí 2023**

Staður: **Staðarbakki við Stykkishólm**

Lýsing: **Bátur brann**

Rannsókn samkvæmt lögum nr. 18/2013 skal eingöngu miða að því að leiða í ljós orsakir samgönguslysa og samgönguatvika, en ekki að skipta sök eða ábyrgð, með það að markmiði að draga úr hættu á sams konar slysum og atvikum og afleiðingum sambærilegra slysa. Skýrslum rannsóknarnefndar um rannsókn einstakra slysa og atvika skal ekki beitt sem sönnunargögnum í dómsmálum.

Nr: 23-031-S-017 Ronja SH 53 Bátur brennur og sekkur

Skipaskrár. nr. 1524
Útgerð: Íslensk bláskel og sjávargróður
Smíðaður GUÐMUNDUR LÁRUSSON 1978 trefjaplast
Stærð: 22 BT
Mesta lengd: 13,85 m *Skráð lengd:* 13,73 m
Breidd: 3,77 m *Dýpt:* 1,77 m
Vél: PEGASO, 121 kW, 1984.
Fjöldi skipverja: 1



Gögn: Stjórnstöð / LHG
Lögreglan Borgarnesi
Rnsa

Samantekt:

Hinn 18. maí 2023 var Ronja við Staðarbakka á Breiðafirði og var skipverjinn úti á þilfari að slæða upp þaralínu. Varð hann skyndilega var við að mikinn svartan reyk lagði frá stýrishúsinu og varð báturinn alelda á skömmum tíma. Rak bátinn síðan í strand og brann.

Veður: NV 5-6 m/s.

Atvikalýsing:

- Ronja lét úr höfn í Stykkishólmi um kl. 19 og var skömmu síðar komin að þaralínunni.
- Kl. 21:40 fékk lögreglan í Borgarnesi tilkynningu frá Fjarskiptamiðstöð Ríkislögreglustjóra um eld í bát sem var staðsettur 500 metra frá landi við Staðarbakka rétt fyrir utan Stykkishólmi.
- Þegar skipverjinn varð þess var að eldur væri kominn upp í stýrishúsinu teygði hann sig í handslökkvitæki en það dugði ekki til. Fór hann þá í að losa og sjósetja gúmmíbjörgunarbátinn og í kjölfarið yfirgaf hann skipið.
- Þrjú björgunarbúningar og þrjú björgunarvesti voru um borð en allur búnaðurinn staðsettur fram í bátnum þar sem skipverjinn náði ekki til hans vegna reyks.
- Enginn skipverji var lögskráður á bátinn
- Kl. 21:47 fór björgunarbátur frá Stykkishólmi í átt að gúmmíbjörgunarbátinum og tók skipverjann í land. Var hann fluttur á Sjúkrahús Stykkishólms til skoðunar.
- Slökkvilið Stykkishólms kom á staðinn kl. 22:40 en slökkviliðsstjóri tók ákvörðun um að fara ekki í aðgerðir við að slökkva eldinn þar sem báturinn var þá þegar alelda og 50-100 m frá landi.
- Skipverjinn sagði að áður en hann lét úr höfn hefði hann verið í erfiðleikum með að kveikja upp í olíueldavélinni en hún hafi verið gömul. Við það hefði einhver olfa lekið en hann hefði þurrkað hana upp. Hafði Ronja legið í höfn frá því um haustið en fyrsta ferðin hefði verið kvöldið áður.
- Ekki var hægt að rannsaka eldsupptök þar sem flakinu var fargað áður en RNSA hafði tækifæri til að rannsaka flakið.

Greining:

Rannsóknarnefnd samgönguslysa óskaði eftir að verða upplýst þegar flakið yrði fjarlægt en það misfórst hjá Umhverfisstofnun. Ekki var því hægt að rannsaka flakið.

Bókun:

Nefndin rannsakar málið ekki frekar.

Mikilvæg ábending:

RNSA beinir því til skipstjórnarmanna að staðsetja mikilvægan björgunarbúnað þannig að mestar líkur séu á að skipverjar nái til hans ef eldur kviknar um borð.

5. febrúar 2024 Guðmundur Freyr Úlfarsson, Hilmar Snorrason, Pálmi Jónsson, Hjörtur Emilsson og Jón Finnbjörnsson.